

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

VAXTARSAMNINGUR

Úthlutun vor 2012:

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra 2011 – 2013 var undirritaður 1. nóvember 2011.


Í kjölfar samningsins fóru fram kynningarfundir um svæðið og auglýst var eftir umsóknum í byrjun árs 2012. Rann umsóknarfrestur út þann 17. febrúar 2012.

Alls barst 21 umsókn um fjölbreytileg verkefni. 13 þeirra hlutu styrk en 7 var hafnað. Ein umsókn var dregin til baka.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnin sem hlutu stuðning var kr. 69.538.724. Sótt var um kr. 21.225.400 eða 30,52% af áætluðum heildarkostnaði.

Úthlutað var alls kr. 19.150.000 eða um 90,22% af því sem sótt var um og þar með um 27,54% af áætluðum heildarkostnaði.

Hér á eftir er yfirlit yfir þau verkefni sem stuðning hlutu við úthlutun vorið 2012.



Ums.Nr	Umsækjandi	Verkefni	Heildarkostnaður	Sótt um	Úthlutað
1-12-2	Vilko ofl.	Markaðskönnun og útflutningsverkefni fimm fyrirtækja í Austur Húnavatnssýslu.	7.200.320	2.500.000	2.500.000
1-12-14	Ferðamálafélag Húnaþings vestra ofl.	Þróun vöru og þjónustu, fyrsti áfangi í þriggja ára verkefni sem miðar að því að fjölga ferðafólki, fjölga störfum í ferðaþjónustu og bæta afkomu ferðaþjónustufyrirtækja.	6.000.000	2.500.000	2.500.000
1-12-7	Nes listamiðstöð ofl.	Listavist við Húnaflóa. Samstarf um dvöl listafólks á svæðinu og þróun þjónustu vegna þess.	4.800.000	2.400.000	1.800.000
1-12-16	Skottafilm ofl.	Menningarkvikmyndahús. Afþreying og þjónusta við ferðafólk á Sauðárkróki. Kynning á menningu og sögu svæðis.	6.100.000	1.600.000	1.600.000
1-12-4	Alexanda Chernycova ofl.	Óperan í Skálholti. Ritun og uppsetning. Stutt við fyrsta áfanga verkefnisins, þ.e. gerð handrits, hönnun sviðsmyndar og ljóshönnun.	15.173.224	3.000.000	1.500.000
1-12-8	Nes listamiðstöð ofl.	Culinary Artistic Explorations. Listafólk og matreiðslufólk sameinast um að búa til nýja rétti úr óhefðbundnu hráefni og bjóða íbúum og gestum á Norðurlandi vestra.	6.000.000	1.500.000	1.500.000
1-12-9	Selasetur Íslands ofl.	Vöruþróun í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Samstarf við Hvalasafnið og hvalaskoðunarfyrirtæki á Húsavík	5.200.000	1.500.000	1.500.000
1-12-11	Byggðasafn Húnavatnings og Strandamanna auk 25 annarra safna og setra á Norðurlandi vestra	Samstarf safna og setra á Norðurlandi vestra, m.a. við Sögulega safnahelgi í september, sem miðar að því að lengja opnunartíma fram á haustið og bæta þar með þjónustu við ferðafólk og heimamenn á þeim árstíma.	4.983.700	1.500.000	1.500.000
1-12-13	BioPol ofl.	Kortlagning ígulkerjamiða við austanverðan Húnaflóa og í Skagafirði í því skyni að kanna veiðipól og nýtanleika ígulkerja á svæðinu.	3.529.000	1.500.000	1.500.000
1-12-17	Fisk Seafood ofl.	Súr sjávarútvegsráð. Athugun og þróun á geymslu sýrðra aukaafurða um borð í fiskiskipum og víðar, með það að markmiði að einfalda vinnslu þeirra, auka virði og bjóða nýjar afurðir.	9.300.000	2.000.000	1.500.000
1-12-21	Spes ofl.	Gæði úr Húnaþingi vestra. Vinna að sameiginlegum gæðaviðmiðum og merki fyrir handverk og matvæli úr héraði.	1.500.000	750.000	750.000
1-12-12	Laxasetur Íslands ofl.	Hönnun, ráðgjöf ofl.sýningar í Laxasetri Íslands á Blönduósi.	5.002.000	2.000.000	500.000
1-12-15	Drangeyjarferðir ofl.	Áhugavaki fyrir fuglaskoðun. Samstarf og miðlun myndefnis vegna fuglaskoðunar í Drangey og víðar.	1.950.800	975.400	500.000